



Kópavogur, 17. apríl 2026

b.t. Skipulags- og umhverfissráðs Kópavogsbæjar

Efni: Deiliskipulag Kópavogsvallar

Kópavogsvöllur er í eigu Kópavogsbæjar en er jafnframt heimavöllur Breiðabliks í knattspyrnu. Félagið hefur á undanförunum áratugum náð sögulegum árangri í Evrópukeppnum. Árið 2006 komst kvennalið Breiðabliks í 8-liða úrslit í Evrópukeppni kvenna (forvera Meistaradeildarinnar) og árið 2021 urðu Blikar fyrsta íslenska liðið til að taka þátt í nýrri riðlakeppni Meistaradeildar kvenna. Samkvæmt leyfiskerfi UEFA er gerð krafa um að vellir í riðlakeppni uppfylli skilyrði „Category 4“, en Kópavogsvöllur er sem stendur „Category 2“ völlum. Breiðablik fékk undanþágu til að leika á Kópavogsvelli árið 2021 þar sem Laugardalsvöllur var óleikhæfur. Árið 2025 hélt árangurinn áfram þegar kvennaliðið komst í 8-liða úrslit í Evrópubikar kvenna (*Women's Europa Cup*).

Karlalið Breiðabliks hefur sömuleiðis náð eftirtektarverðum árangri og tvisvar komist í deildar- eða riðlakeppni Sambandsdeildar UEFA (*Conference League*), árin 2023 og 2025. Vegna kröfu um „Category 4“ völlum hefur liðið þurft að leika heimaleiki sína á Laugardalsvelli, að undanskildum leik gegn Maccabi Tel Aviv sem færður var á Kópavogsvöllum vegna ástands Laugardalsvallar.

Alls hefur Breiðablik tekið 27 sinnum þátt í Evrópukeppnum og leikið um 120 leiki, sem er með því mesta sem íslensk lið hafa afrekað.

Mikilvægi heimaaðstöðu og tækifæri til uppbyggingar

Það er afar mikilvægt fyrir Breiðablik að geta leikið heimaleiki sína í Evrópukeppni á eigin heimavelli. Laugardalsvöllur er búinn svokölluðu „hybrid“ grasi (blöndu af gervigrasi og náttúrulegu grasi) sem getur orðið óleikhæft yfir háveturinn. Stjórn Breiðabliks telur að umtalsverð tækifæri felist í því að uppfæra Kópavogsvöllum svo hann uppfylli meginkröfur „Category 4“.

Völlurinn uppfyllir nú þegar flest skilyrði fyrir utan fjölda áhorfendasæta og gæði flóðlýsingar. Talið er að varanleg undanþága geti fengist vegna sætafjölda, en nauðsynlegt er að bæta lýsingu og hækka ljósamöstur. Breiðablik hefur átt í samskiptum við Kópavogsbæ undanfarna mánuði vegna breytinga á deiliskipulagi sem heimila þessar framkvæmdir. Brýnt er að vinnu við auglýsingu á breyttu skipulagi verði hraðað svo hægt sé að hefja framkvæmdir sem fyrst eftir að breyting á deiliskipulagi tekur gildi.

Tæknilegar kröfur og framtíðarsýn

Mikilvægt er að nýtt deiliskipulag geri ráð fyrir því að völlurinn geti hýst leiki á því getustigi sem Breiðablik hefur þegar náð. Tillagan gerir ráð fyrir ljósmagni sem krafist er í leikjum allt að

undanúrslitum í Sambandsdeild og Evrópudeild (*UEFA Level B – meðallýsing (Eh ave) > 1.400 lux*). Ljósamöstrin yrðu þá um 40 metra há eða nægilega há til að uppfylla ofangreindar kröfur UEFA.

Þótt þetta ljósmagn sé umfram kröfur KSÍ í innlendum mótum, myndi það nýtast í öllum alþjóðlegum keppnisleikjum, bæði fyrir Breiðablik og önnur félög sem gætu nýtt völinn sem fullgildan keppnisvöll. Jafnframt myndi þessi styrking lýsingar gera Kópavogsvöll að raunhæfum varavelli fyrir Laugardalsvöll við alþjóðlega leiki, sem skapað gæti umtalsverða tekjumöguleika til að standa undir hluta af kostnaði.

Niðurlag

Breiðablik óskar eftir að farið verði vinnu við breytingu á deiliskipulagi til þess heimilt verði að setja upp lýsingu sem uppfyllir ofangreindar kröfur UEFA fyrir Category 4 völl. Breiðablik lýsir jafnframt yfir vilja til að hefja viðræður við Kópavogsbæ um fyrirkomulag fjármögnunar og mögulega þátttöku félagsins til þess að auka líkur á því að verkefnið verði að veruleika

F.h. Ungmennafélagsins Breiðabliks

Ásgeir Baldurs, formaður